




## Niðurstaða Vinnueiginleika-mats



.....  
Aðstandandi mats

.....  
Staður

.....  
Nafn og númer hunds



.....  
Stig og niðurstaða

.....  
Matsmaður



## Vinnueiginleika-mat HRFÍ



Matsmenn: Karl Drengsson og Gestur Karlsson

Framkvæmdaraðili: .Retrieverdeild HRFÍ

Hundur, nafn og nr: Grindavíkur Snati


Eigandi: .Jón Jónsson

Stjórnandi:sami



## Almennar reglur:

1. Þátttaka
  - a. Til að taka þátt í vinnueiginleika mati fyrir sækjandi hunda þarf hundur að vera minnst 8 mánaða gamall og skráður hjá HRFÍ eða hjá öðrum klúbbi samþykktum af HRFÍ.
  - b. Eigandi þarf að vera fullgildur meðlimur í HRFÍ. Hundur má aðeins prófa einu sinni sama dag.
  - c. Skráning getur farið fram samdægurs á prófstað.
  - d. Við skráningu skal eigandi framvísa ættbókarvottorði frá HRFÍ. Ef hundur er erlendur skal framvísa ættbókarvottorði frá klúbbi samþykktum af HRFÍ.
  - e. Matsgjald skal greitt við skráningu. Matsgjald rennur til Retrieverdeildar og er upphæð útgefin á heimasíðu Retrieverdeildar HRFÍ í upphafi hvers árs.
2. Hundur sem staðist hefur matið er hæfur til að taka þátt í B-prófi samkvæmt gildandi reglum.
3. Stjórnandi má ekki nota þísk eða sambærilegt við mat, eftir stöð 2 í mati skal taumur annaðhvort vera í hendi eða um háls stjórnanda, ekki má sveifla honum að hundinum. Matið tekur mið af skapgerð hunds, árásgjarn hundur er ekki metinn..
4. Matsmaður skal skoða eistu á rökkum fyrir mat, aðeins hundar með tvö eistu eru metnir. Tíkur á lóðarii mega ekki koma á prófstað og eru ekki metnar.



## Form prófs:

1. Matið er á sléttu svæði sem er 50 x 25 m (sjá mynd).
2. Einn hundur er metinn í einu.
3. Matsmaður tekur á móti hundi og stjórnanda við póst 1 og heilsar þeim. Þar eru tennur skoðaðar ásamt eistum. Það þarf að vera hægt að fara höndum um hundinn og nálgast hann án þess að hann verði hræddur eða árásgjarn, annars er hann ekki metinn.
4. Taumganga: Stjórnandi stillir sér upp við póst 1 með hundinn í taumi. Þegar matsmaður gefur merki fer hann af stað og gengur að pósti 3, hundur skal fylgja eftir á hæl án þess að toga í taum eða vera á eftir.
5. Hælganga án taums: Við póst 3 tekur stjórnandi taum af hundinum og setur í vasann, um hálsinn eða vefur hann í hendi sér (ekki má sveifla taum að hundi): Nú gengur stjórnandi með hund við hæl fram hjá pósti 4 að pósti 5 og stoppar þar. Hundur skal fylgja sem fyrr við hæl viljugur og án mikillar hvatningar.
6. Stöðugleiki og innkall: Við póst 5 skal stjórnandi láta hundinn vera kyrran og ganga ákveðið fram hjá pósti 2 að pósti 1. Við merki frá matsmanni skal stjórnandi kalla hundinn inn. Hundur skal bíða rólegur á sama stað, hann má standa upp eða leggjast, hins vegar má hann ekki færa sig. Hundur skal koma ákveðið inn við fyrsta kall án hvatningar á leið inn.
7. Markering: Stjórnandi stendur við póst 1 með hundinn án taums rólegan við hlið sér og snýr að pósti 5. Matsmaður gengur að pósti 4 og hendir „dummy“ að pósti 5, hundur skal vera rólegur. Við merki frá matsmanni sendir stjórnandi hundinn til að sækja „dummyið“ hundur skal fara ákveðinn og ná í „dummyið“ og koma með það rակleitt til stjórnanda. Hann skal skila því í hendi.
8. Skotstöðugleiki: Stjórnandi og hundur eru við póst 1, matsmaður færir sig fram fyrir hund um það bil 2 metra og hleypir af skoti úr 6mm startbyssu frá hundinum. Hundurinn má sýna viðbrögð, en hann má ekki sýna ótta eða hlaupa í burtu.
9. Stig og einkunnagjöf:
  - a. Hælganga.....0-10 stig
  - b. Stöðugleiki og innkall.....0-10 stig
  - c. Markering.....0-10 stig
  - d. Afhending og meðferð dummy.....0-5 stig
  - e. Heildarmynd.....0-5 stig  
(undir heildarmynd er matið skotstöðugleiki, stöðugleiki geðslag og agi)
10. Einkunnarkerfi: Hundur getur bara staðist eða fallið í matinu. 35-40 punktar er staðið. Hundur sem fær 0 í aga getur ekki staðist mat.